

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 161/1993.

**Finnur Jónsson**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

**Flugleiðum hf.**

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Tékkalög. XVII. kafli laga um meðferð einkamála. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

#### I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar greinir, gaf áfrýjandi f. h. Bjargar hf. í Stykkishólmi út tvo tékka til stefnda í lok mars og byrjun apríl 1990. Af ástæðum, sem ekki hafa verið skýrðar, voru tékkar þessir ekki innleystir, heldur geymdir, þar til sýningarfrestur þeirra til greiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1933 um tékka var liðinn.

Hinn 12. júní 1990 afhenti umboðsmaður Bjargar hf. í Reykjavík, Guðmundur Stefán Maríasson, stefnda tvo nýja tékka, sömu fjárhæðar og út gefna af áfrýjanda, er koma skyldu í stað hinna eldri. Við sýningu þeirra til greiðslu 21. júní 1990 reyndist innstæða ekki næg á tékkareikningnum.

Áfrýjandi og Guðmundur Stefán Maríasson hafa komið fyrir dóm og gefið munnlegar skýrslur. Er ekki fyllilega í ljós leitt, hvernig lögskiptum málsaðila var í raun háttað á þeim tíma, er hér um ræðir, en um það verður ekki dæmt í máli þessu.

#### II.

Tékkar þeir, sem um ræðir í málinu, eru útfylltir í samræmi við fyriræli 1. gr. laga nr. 94/1933 og því fullgildir tékkar. Áfrýjandi

hefur sjálfur gefið tékka þessa út, og þeir bera ekki með sér að hafa verið gefnir út f. h. Bjargar hf. Ber hann því ábyrgð á greiðslu þeirra, en samkvæmt fortakslausu ákvæði 12. gr. laga nr. 94/1933 ábyrgist útgefandi greiðslu tékka gagnvart tékkhafa. Sú staðreynd, að Björg hf. var eigandi umrædds tékkareiknings, fær engu um það breytt, enda er útgefanda tékka skylt samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1933 að hafa fé til umráða hjá greiðslubankanum. Var stefnda því rétt að krefjast fullnustu hjá útgefanda tékkanna, sbr. 40. gr. laga nr. 94/1933.

### III.

Mál þetta var rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hefur stefndi mótmælt því, að varnir þær, sem áfrýjandi hefur uppi, komist að í málinu. Um það vísar hann jafnframt til 22. gr. laga nr. 94/1933.

Áfrýjandi vísar sérstaklega til a-liðar 1. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991 og telur, að varnir samkvæmt þeirri lagagrein komist að í málinu. Á það verður eigi fallist, og getur hún ekki átt hér við. Samkvæmt þeim réttarfarsreglum, sem mál þetta fer eftir, koma varnir áfrýjanda, sem byggjast á öðrum ákvæðum laga nr. 94/1933 eða 1. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1936, honum ekki að haldi.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að taka kröfur stefnda til greina og staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað, sem áfrýjandi ber að greiða, eins og greinir í dómsorði.

Mál þetta var þingfest 28. september 1990 og frestað 30. nóvember sama ár til aðalmeðferðar. Málið lá síðan óhreyft til 15. janúar 1993, er nýr dómari hafði tekið við rekstri þess. Ber að átelja þennan drátt á meðferð málsins.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Finnur Jónsson, greiði stefnda, Flugleiðum hf., 270.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Vesturlands 29. mars 1993.****I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 1. mars sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af Flugleiðum hf., kt. 601273-0129, Reykjavíkflugvelli, Reykjavík, á hendur Finni Jónssyni, kt. 070649-4039, Sundabakka 15, Stykkishólmi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skuld, að fjárhæð 1.280.500,00 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar samkvæmt taxa LMFÍ.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt tveimur tékkum, annars vegar tékka nr. 0516355, að fjárhæð 1.138.500,00 kr., og hins vegar tékka nr. 0516354, báðum út gefnum 12. júní 1990 af stefnda, Finni Jónssyni, til stefnanda, Flugleiða hf., af tékkareikningi nr. 817 við Búnaðarbanka Íslands, Stykkishólmi. Tékkarnir, sem báðir séu framseldir af stefnanda, Flugleiðum hf., með áritun um, að andvirði þeirra verði lagt inn á reikning Flugleiða hf. í Landsbanka Íslands, hafi verið sýndir til greiðslu 21. júní 1990. Síðar hafi komið í ljós, að ekki hafi verið næg innstæða á tékkareikningnum og honum verið lokað 22. júní 1990, samanber áritun á bakhlið tékkanna, og stefnandi hafi í kjölfar þess innleyst þá.

Stefndi kveður málavexti þá, að hann hafi verið framkvæmdastjóri Bjargar hf., Stykkishólmi, sem nú sé gjaldþrota. Hlutafélagið hafi verið eigandi reiknings nr. 817 við Búnaðarbankann, Stykkishólmi, en stefndi hafi verið prókúruhafi og hinn eini, sem hafi haft heimild til þess að gefa út ávísanir af þeim reikningi.

Stefndi kveður stefnanda máls þessa hafa dagana 30. mars 1990 og 6. apríl 1990 annast innflutning fyrir Björgu hf. á svonefndum neyðarleyfum. Hafi tvær ávísanir verið afhentar þá daga til greiðslu kostnaðar. Ávísanir þessar hafi aldrei verið innleystar, heldur geymdar, þar til sýningartími þeirra samkvæmt lögum nr. 94/1933 hafi verið liðinn. Umboðsmaður Bjargar hf. hafi þá, 12. júní 1990, afhent tvær nýjar ávísanir sömu fjárhæðar, og hafi þær verið leystar út 21. júní 1990.

Stefndi kveður Björgu hf. hafa haft umboðsmann í Reykjavík til ýmissa snúninga, m. a. til að greiða vegna viðskipta til stefnanda. Stefndi kveðst hafa skilið eftir óútfylltar ávísanir með undirritun sinni og hlutafélagsins. Gleymst hafi hins vegar að stimpla nafn fyrirtækisins og árita pr. pr., eins og venja sé, á þær ávísanir, sem mál þetta sé risið af. Umboðsmaður Bjargar hf. hafi aldrei ráðfært sig við stefnda vegna þessara ávísanaviðskipta.

Stefndi kveður Björgu hf. hafa í nokkur ár átt margháttuð viðskipti við

stefnanda, og ætíð hafi verið greitt með ávísunum af reikningi 817 með áritun stefnda f. h. félagsins. Stefnanda hafi því ekki átt að dyljast, hver í raun hafi verið útgefandi og ábyrgðarmaður ávísananna, enda þótt gleymst hafi í þessu tilviki að stimpla þær með nafni Bjargar hf.

## II.

Stefnandi reisir kröfur sínar á tveimur tékkum, út gefnum af stefnda, er hafi ekki fengist greiddir. Vísar stefnandi til laga nr. 94/1933, laga nr. 85/1936 og laga nr. 54/1988.

Stefndi styður kröfur sínar því, að þau mistök að undirrita ekki ávísanirnar f. h. Bjargar hf. felli ekki á hann ábyrgð samkvæmt tékkalögum nr. 94/1933, sérstaklega í ljósi fyrri greiðslna til stefnanda af reikningi nr. 817. Því sé um aðildarskort að ræða, sem leiði til sýknu. Þá kveðst stefndi vísa til sanngirnissjónarmiða.

Um lagarök vísar stefnandi til 45. gr. laga nr. 85/1936 svo og 208. gr. A-liðar s. 1.

Stefnandi kveður mál þetta rekið sem tékkamál á grundvelli laga nr. 94/1933. Með vísan til XVII. kafla laga nr. 85/1936, einkum 2. tl. 207. gr. og 208. gr., kveðst stefnandi mótmæla því, að varnir þær, sem stefndi hafi uppi og fram komi í greinargerð hans, komist að í málinu.

## III.

Stefndi í máli þessu hefur haft uppi varnir, byggðar á XVII. kafla laga nr. 85/1936, nú XVII. kafla laga nr. 91/1991, þ. e. a. s., að máli þessu sé ranglega beint gegn sér, og byggir á, að hann sé ekki skuldari samkvæmt tékkalögum og framlögðum tékkum.

Framlagðir tékkar eru útfylltir í samræmi við 1. gr. laga nr. 94/1933 og eru því fullgildir tékkar.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 94/1933 er útgefandi bundinn að tékkarétti gagnvart tékkhafa.

Þar sem tékkar þessir bera ekki með sér að hafa verið gefnir út f. h. hlutafélagsins Bjargar hf., en stefndi hefur gefið tékka þessa út, ber hann sjálfur ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart tékkhafa. Hefur enga þýðingu í þessu máli, hver er eigandi tékkareiknings, enda er útgefandi tékka skyldur að hafa til umráða fé hjá greiðslubanka, sbr. 4. gr. laga nr. 94/1933.

Stefndi sem handhafi tékkanna sýndi þá innan lögboðins frests, en hefur ekki fengið þá greidda. Er því um fullgilda tékka að ræða, og hefur stefnandi haldið við tékkarétti sínum á lögboðinn hátt. Sanngirnissjónarmið eiga ekki við í tékkamáli. Var stefnanda því rétt samkvæmt lögum 94/1933 að krefjast fullnustu hjá útgefanda tékkanna, sbr. 40. gr. sömu laga.

Samkvæmt framansögðu ber stefndi, Finnur Jónsson, ábyrgð á greiðslu

tékkanna gagnvart stefnanda sem tékkhafa. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum skal stefndi greiða stefnanda 240.000,00 kr. í málskostnað. Málskostnaður var ákveðinn án virðisaukaskatts, þar sem stefnandi hefur enga grein gert fyrir virðisaukaskattsskyldu sinni.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Finnur Jónsson, greiði stefnanda, Flugleiðum hf., 1.280.500 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 21. júní 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 240.000,00 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

---